



## Fundur í sveitarstjórn

**61. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Félagsheimilinu Þórsveri fimmtudaginn 16. mars 2017 og hófst kl 17:00.**

**Mætt voru:** Reynir Atli Jónsson oddviti, Þorsteinn Ægir Egilsson, Heiðrún Óladóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergadóttir, Elías Pétursson og Jónas Egilsson sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

### Dagskrá

1. Fundargerð 847. stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
2. Fundargerð 392. stjórnar Hafnarsambands Íslands
3. Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands, styrktarsjóður EBÍ 2017
4. Samband íslenskra sveitarfélaga, boðun XXXI. landsþings Sambandsins
5. Lánasjóður sveitarfélaga, boðun aðalfundar
6. Fundargerð 11. fundar Atvinnu- og ferðmálanefndar Langanesbyggðar
7. Fundargerð 23. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar
8. Styrkumsókn, Félag lesblindra á Íslandi
9. Innsent erindi, SAFF; Samstarf félagasamtaka í forvörnum
10. Innsent erindi, Félag eldri borgara við Þistilfjörð
11. Innsent erindi, Norðurhjari, drög að þjónustusamningi
12. Innsent erindi, bréf frá útgerðaraðilum á Bakkafirði
13. Finna fjörður, minnispunktar frá vinnufundi sveitarstjórnar, 13. mars 2017
14. Finna fjörður, staða mála
15. Skýrsla sveitarstjóra

### Fundargerð:

#### 1. Fundargerð 847. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Til máls tók Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun vegna liðar 14. **Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir að skrifstofan hlutist til um að fá senda til sín skýrslu Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins um mat á þjóðhagslegum kostnaði verkfalls sjónmanna og komi henni í hendur sveitarstjórnarmanna.

Samþykkt samhljóða.



## 2. Fundargerð 392. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

## 3. Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands, styrktarsjóður EBÍ 2017

Fram er lagt til kynningar bréf frá EBÍ, dags. 23. febrúar 2017, ásamt reglum um Styrktarsjóð EBÍ.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn vísar málinu til Atvinnu- og ferðamálanefndar, Menningar- og bókasafnsnefndar og Fræðslunefndar til umsagnar.

Samþykkt samhljóða.

## 4. Samband íslenskra sveitarfélaga, boðun XXXI. landsþings Sambandsins

Fram er lögð boðun XXXI. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldið verður í Reykjavík föstudaginn 24. mars 2017.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir að Reynir Atli Jónsson sem aðalfulltrúa og Þorsteinn Ægir Egilsson verði varafulltrúi.

Samþykkt samhljóða.

## 5. Lánasjóður sveitarfélaga, boðun aðalfundar

Fram er lögð boðun aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., sem haldinn verður í Reykjavík föstudaginn 24. mars 2017. Sveitarstjóri Langanesbyggðar mun sækja fundinn fyrir hönd Langanesbyggðar.

**Bókun um afgreiðslu:** Samþykkt að sveitarstjóri sækji fundinn. Björn Guðmundur Björnsson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir sitja hjá.

## 6. Fundargerð 11. fundar Atvinnu- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar

Fundargerð lögð fram.

*Liður 1.* Umsögn um endurnýjun rekstrarleyfis að Langanesvegi 12.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

*Liður 2.* Umsögn um endurnýjun rekstrarleyfis að Eyrarvegi 2

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

*Liður 3.* Innsent erindi frá „heiðabændum.“

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

*Liður 4A.* Aðstaða fyrir ferðamenn.

Bókun nefndarinnar hefur verið komið á framfæri við forsvarsmenn N1.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.



## 7. Fundargerð 23. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar

Fundargerðin lögð fram.

*Liður 4.* Umsögn um endurnýjun rekstrarleyfis að Langanesvegi 12.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

*Liður 5.* Umsögn um endurnýjun rekstrarleyfis að Eyrarvegi 2.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

*Liður 6.* Fjarðarvegur 43, ósk um byggingu bílskúrs.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

*Liður 7.* Langanesvegur 1, breytt nýting húsnæðis.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

*Liður 8.* Erindi frá „heiðarbændum.“

Til máls tóku: Elías Pétursson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir.

Lagt fram til kynningar.

*Liður 9.* Ísfélagið, svar við fyrirspurn nefndarinnar.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn tekur undir bókun nefndarinnar og samþykktir að málið verði tekið fyrir sérstaklega á næsta fundi sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða.

*Liður 10.* Langanesvegur 26, umsókn um stöðuleyfi fyrir gám.

Siggeir Stefánsson lýsti sig vanhæfan við afgreiðslu þessa liðar. Samþykkt samhljóða.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

## 8. Styrkumsókn, Félag lesblindra á Íslandi

Fram er lagt erindi dags 13. mars 2017 hvar óskað er styrks að fjárhæð kr. 25.000 vegna ráðstefnu í byrjun maí um vandamál vegna lesblindu.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn þakkar erindið en sér sér ekki fært að verða við því.

Samþykkt samhljóða.

## 9. Innsent erindi, SAFF; Samstarf félagasamtaka í forvörnum

Fram er lagt erindi er varðar styrkbeiðni SAFF, Samtaka félagasamtaka í forvörnum gegn kannabisneyslu barna.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.



Samþykkt samhljóða.

#### 10. Innsent erindi, Félag eldri borgara við Þistilfjörð

Fram er lagt erindi stjórnar Félags eldri borgara við Þistilfjörð hvar óskað er fundar með sveitarstjórnarmönnum Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps til að ræða húsnæðismál félagsins.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn Langanesbyggðar þakkar erindið og felur sveitarstjóra að koma á fundi með félaginu í samráði við oddvita Svalbarðshrepps.

Samþykkt samhljóða.

#### 11. Innsent erindi, Norðurhjari, drög að þjónustusamningi

Fram eru lögð til kynningar erindi og því fylgjandi drög að þjónustusamningi milli Langanesbyggðar og Norðurhjara vegna ársins 2017.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson.

**Bókun um afgreiðslu:** Erindinu vísað til Atvinnu- og ferðamálanefndar til umsagnar. Samþykkt samhljóða.

#### 12. Innsent erindi, bréf frá útgerðaraðilum á Bakkafirði

Fram er lagt erindi fjögurra útgerðaraðila á Bakkafirði, dags. 7. mars 2017, vegna byggðakvóta byggðarlagsins. Einnig eru lögð fram gögn er varða samskipti útgerðarmanna við Byggðastofnun.

Bréfritarar óska í bréfi sínu eftir að sveitarstjórn beiti sér fyrir því að vinnsluskylda byggðakvóta 2017-2018 verði felld úr gildi. Ennfremur, er farið fram á að sveitstjórn beiti sér fyrir því að samningur um sértækan byggðakvóta verði tekinn upp og lagaður að núverandi aðstæðum.

Björn Guðmundur Björnsson lýsti sig vanhæfan til að taka þátt í umræðum og afgreiðslu þessa máls. Samþykkt samhljóða.

Til máls tók: Elías Pétursson.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhlé kl. 17:46. Fundarhlé veitt.

Oddviti setti fund kl. 17:48.

Til máls tók: Siggeir Stefánsson.

Hulda Kristín Baldursdóttir óskaði eftir fundarhlé kl. 17:52. Fundarhlé veitt.

Oddviti setti fund kl. 17:57.

Reynir Atli Jónsson lagði fram svohljóðandi bókun: Meirihluti sveitarstjórnar lýsir áhyggjum sínum yfir því hvernig mál með byggðakvóta á Bakkafirði hafa þróast og beinir því til Byggðastofnunar að leysa úr þeim fljótt með hagsmuni íbúa á Bakkafirði að leiðarljósi.



Siggeir Stefánsson lagði fram svohljóðandi bókun fyrir hönd U-listans: U-listinn lýsir yfir áhyggjum sínum vegna stöðu mála á Bakkafirði. Það er lífsspursmál fyrir atvinnulíf á Bakkafirði að unnið verði hratt og vel í málefnum Bakkafjarðar svo þeirri þróun sem hefur verið undanfarin ár, verði snúið við.

Það er mat U-listans að tilkoma meiri aflaheimilda í formi sértæks byggðakvóta gæti snúið þeirri þróun við og leggur til að sveitarstjórn setji alla sinn kraft til þess að svo geti orðið. Að okkar mati ætti Bakkafjörður að skilgreinast sem brothætt byggð og ætti að fá þá aðstoð sem slík skilgreining kallar á hjá Byggðastofnun.

U-listinn leggur fram svohljóðandi tillögu:

U-listinn leggur til að næsta skref verði að óska eftir fundi með sveitarstjórn og forsvarsmönnum Toppfisks ehf., þar sem könnuð væri staða mála og framtíðarhorfur.

**Bókun um afgreiðslu:** Samþykkt samhljóða.

Björn Guðmundur Björnsson tók sæti á fundinum að nýju.

### 13. Finna fjörður, minnispunktar frá vinnufundi sveitarstjórnar, 13. mars 2017

Minnispunktar frá vinnufundi sveitarstjórnar, dags. 13. mars sl., lagðir fram til kynningar. Fundurinn var haldinn skv. ákvörðun 60. fundar sveitarstjórnar.

### 14. Finna fjörður, staða mála

Nú stendur yfir vinna við undirbúning og stofnun tveggja hlutafélaga (Þróunaefélag/Hafnasamlag). Við stofnun þeirra þarf m.a. að semja við samstarfsaðila sveitarfélaganna um skipulag verkefnisins til frambúðar, aðkomu sveitarfélaganna að því, stjórn þess og eignarhald, o.fl. Það er því gríðarlega mikilvægt að vel takist til í þeirri vinnu.

Búið er að undirrita rammisamning um samstarf sveitarfélaganna Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps. Sá samningur kveður á um skipulag, stjórnun og ákvarðanatöku varðandi aðkomu sveitarfélaganna að verkefninu. Samstarf sveitarfélaganna skiptir afar miklu máli varðandi það hlutverk þeirra að tryggja hagsmuni svæðisins í heild.

Þann 8. mars sl. áttu fulltrúar sveitarfélaganna fundi í innanríkis- og fjármálaráðuneytum. Fundina sátu fjármála-, og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, auk starfsmanna ráðuneytanna. Þar var upplýst um stöðu verkefnisins, auk þess sem komið var á framfæri því sjónarmiði um nauðsyn þess að ríkið styðji sveitarfélögin fjárhagslega vegna vinnu sem framundan er á næstu vikum og mánuðum. Einnig var fundað með þingmönnum kjördæmisins. Voru þeir upplýstir um gang mála. Það er mat sveitarstjórnarmanna og sveitarstjóra sem fundina sátu að þeir hafi verið afar gagnlegir og upplýsandi.

Til máls tók: Elías Pétursson.



## 15. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir ýmis verkefni sem eru í gangi hafa verið og ekki er getið hér að ofan.

- Þann 8. mars sl. sátu oddviti, varaoddviti og sveitarstjóri fundi með fulltrúum tveggja ráðuneyta og þingmönnum kjördæmisins.

Fundað var með embættis- og starfsmönnum Innanríkisráðuneytisins um ýmis mál er varða Langanesbyggð. Frá ráðuneytinu mætti m.a. skrifstofustjóri skrifstofu samgangna, skrifstofustjóri skrifstofu rafrænna samskipta og skrifstofustjóri skrifstofu sveitarfélaga og réttinda einstaklinga. Á fundinum var farið yfir ýmis mál er tengjast sveitarfélaginu. Meginfundarefni voru: Staða atvinnumála á Bakkafirði, samgöngur, framtíð og mikilvægi áætlunarflugs, fjárhagsleg áhrif vegna myglu í Grunnskólanum á Þórshöfn og ljósleiðaravæðing sveitarfélagsins. Í framhaldi fundar hafa verið samskipti við ráðuneytið og munu þau halda áfram.

Einnig bauð fjármálaráðherra fulltrúum sveitarfélagsins til fundar í Fjármálaráðuneytinu, á þeim fundi var farið yfir ýmis mál tengd sveitarfélaginu. Einnig var ráðherra upplýstur frekar um Finnafjarðarverkefnið.

Að síðustu funduðu fulltrúar sveitarfélagsins með þingmönnum kjördæmisins. Á fundinum var farið vítt yfir málefni svæðisins ásamt og að einstök hagsmunamál voru rædd sem áður hafði verið farið yfir með ráðuneytum.

- Einnig var í suðurferðinni fundað með ráðgjöfum vegna mögulegrar ljósleiðaravæðingar og aðilum frá RARIK vegna lagningar þriggja fasa rafmagns út á nes og þá möguleg samlegðaráhrif ef hægt væri að leggja ljósleiðara og rafstreng í „sömu ferð“. Á tali forsvarsmanna RARIK mátti skilja að áform um þriggja fasa rafmagn væru til staðar en ekki yrði af lögn fyrr en eftir nokkur ár.
- Sveitarstjóri hefur átt í samskiptum við forstjóra N1 varðandi endurbyggingu söluskála fyrirtækisins á Þórshöfn. Í svari forstjóra sem barst með tölvupósti þann 14. mars sl. kom fram að ekki liggi fyrir ákvörðun um endurbyggingu en að vonir standi til þess að það verði fljótlega.
- Sveitarstjóri sótti fund stjórnar Eyþings í vikunni, á fundinum var m.a. samin ályktun vegna þeirrar ákvörðunar Alþingis að fjármagna ekki að fullu nýsamþykka samgönguáætlun. Í umræddri ályktun kemur einnig fram mikilvægi þess að veginum um Langanesströnd og Brekknaheiði verði komið á framkvæmdaáætlun.
- Undirbúningi vegna staðfestingarmáls er varðar Miðholtsíbúðirnar er lokið. Aðalmeðferð fer fram 31. maí nk. Niðurstaða máls mun liggja fyrir ekki síðar en fjórum vikum eftir aðalmeðferð.
- Unnið er að ýmsum verkum í höfnum, má þar nefna leitun tilboða í yfirferð á krönum og til samanburðar tilboða í endurnýjun krana.



- Unnið hefur verið að yfirferð viðlagatrygginga sveitarfélagsins með það fyrir augum að allar eigur væru rétt metnar og tryggðar.
- Áfram hefur verið haldið að þrýsta á um úrbætur á ytra útliti húss að Langanesvegi 2. Landsbankinn sem á stóran hluta hússins hefur sýnt lítinn vilja til lagfæringa og hefur sveitarstjóri óskað liðsinnis byggingarfulltrúa við að þrýsta á um úrbætur.

Fundagerðin upplesin og fundi slitið kl. 18:45.